

Lýsing

Landnúmer: 124940
Staðsetning: Reykholt, 271 Mosfellsbær
Lóð 2.670 m²

Byggingalýsing: Hús byggt á steiptum stöplum

Gólfplata: Gólfplata úr timbri, gólfbitar 45x195mm cc 600mm. Milli gólfbita eru 195mm steinullarsamlokur frá LímtréVírnet, rakasperruplast og 20mm gólfspónaplötur. Dregarar 90x195mm undir gólfbitum.

Útveggir: Steinullarsamlokueiningar frá LímtréVírnet, SF-129 og burðarsúlur úr límtré. Einingarnar eru úr harðpressaðri steinull og völsuðum stálplötum beggja vegna. Einangrunarþykkt er 129mm og U-gildi 0,30W/m²C.

Að innan verður lagnagrind og innanhússklæðning. Að utan verður loftunargrind og útveggjaklæðning, VOX Kerrafront PVC.

Þak: Þak er tvíhalla Steinullarsamlokueiningar frá LímtréVírnet, PE-175, þakpappi og bárustál.

Gluggar og hurðir: Gluggar og hurðir eru ál/tré.


Innveggir: Innveggir eru léttir timburveggir klæddir með innanhússklæðningu. Vegg og loftklæðningar verða að lágmarki í flokki 2.

Neyslu- og hitalagnir verða lagðar í gólf og veggjum. Upphitun með gólfhitakerfi og handklæðaofn á baðherbergi.

Frárennsli verður leitt í rotþró og þaðan í siturtank.

Loftun: Lofturæst er um opnanleg fög.

Brunavarnir: Reykskynjarar í aðalrými og svefnrými, slökkvitæki við inngang. Flóttaleið er um glugga í svefnrými.



M 1:200

